

Nd.

128. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 21, 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Lög nr. 21, 19. júní 1922, eru með lögum þessum úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

G r e i n a r g e r ð.

Á Alþingi 1922 var ákveðið, að ríkið tæki sjálft að sér rekstur silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli við Reyðarfjörð á kostnað ríkisins. Þá var ríkinu einnig veittur einkaréttur til að selja allt silfurberg, sem framleitt yrði í landinu. Næstu árin var varið allmiklu fé til að grafa námugöng og til vinnslunnar yfir höfuð, en eftirtekjan varð minni en búizt var við, með því að ekki fundust nýjar silfurbergsæðar, og varð því tap á námuvinnslunni. Er nú fyrir löngu hætt við námureksturinn og búizt að selja allt það, sem nothæft er af silfurberginu.

Síðan lögin frá 1922 gengu í gildi hefir enginn árátt að leggja í silfurbergsleit annarsstaðar á landinu, vegna þess að ríkið hefir einkasöluna. En þar sem ekki er útlit fyrir, að neitt gagn verði framár að Helgustaðanámunni fyrir ríkissjóð, þá virðist heldur ekki nein þörf eða neitt gagn að því fyrir landið, að þessi lög standi áfram. Hinsvegar er það kunnugt, að silfurberg hefir fundizt víðar hér á landi, og er sennilegt, að afnám laganna um einkasölu kynni að örva menn til að leita eftir silfurbergi og vinna það.